



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík, 29. mars 2019

## Efni: Frumvarp til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu

Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök iðnaðarins, og Viðskiptaráð (samtökin) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu, 634. mál. Samtökin hafa á fyrri stigum gert athugasemdir við frumvarpsdrög og hefur að nokkru verið komið til móts við þær athugasemdir. Samtökin gera þó nokkrar athugasemdir við frumvarpið og verða þær útlistaðar hér að neðan.

### Gildistökuákvæði

Samkvæmt frumvarpinu stendur til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2020. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá felur frumvarpið í sér auknar kröfur til fullgildra traustþjónustuveitenda. Til að staðfesta að fullgildir traustþjónustuveitendur og fullgilda traustþjónustan sem þeir veita uppfylli kröfur laganna þurfa viðkomandi fyrirtæki að láta samræmismatsstofu gera úttekt á starfsemi sinni, á eigin kostnað. Er þannig framkvæmd tiltekinna úttekta gerð að skilyrði heimildar fyrir starfseminni en til að framkvæma úttektirnar þarf að leita til erlendra aðila. Undanfari slíkrar úttektar hér á landi er að lög og reglur sem liggja úttektinni til grundvallar séu innleiddar. Innleiðing reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 í íslenskan rétt er þar með nauðsynlegur undanfari slíks samræmismats ásamt setningu reglugerða um nánari framkvæmd laganna, þar á meðal um ákvörðun fullvissustigs (sbr. c-liður 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins), traustlista (sbr. e-liður 1. mgr. 8. gr.) og faggildingu samræmismatsstofa, útfærslu samræmismatsskýrsla og reglur fyrir framkvæmd samræmismats (sbr. f-liður 1. mgr. 8. gr.). Það er með öllu óljóst hvenær umræddar reglugerðir verða settar.

Þess ber að geta að þegar reglugerðin var innleidd innan ESB var aðildarríkjum og fyrirtækjum sem starfrækt eru í aðildarríkjunum gefin tvö til þrjú ár til aðlögunar fyrir gildistöku einstakra ákvæða og auk þess var tilteknum traustþjónustuveitendum sem voru starfandi fyrir gildistöku reglugerðarinnar veittur árs frestur til þess að uppfylla skilyrði tengd veitingu fullgildrar traustþjónustu. Nauðsynlegt er að fyrirækjum hérlendis sé veittur nægjanlegur frestur til að bregðast við breyttu starfsumhverfi og auknum kröfum sem fylgja innleiðingu áður nefndrar reglugerðar ESB.

Samtökin leggja því til að sett verði inni lögin bráðabirgðaákvæði þar sem fullgildum traustþjónustuveitendum sem voru starfandi fyrir gildistöku laganna verði gefnir 12 mánuðir, frá gildistöku laganna, til að skila skýrslu um úttekt á samræmismati starfseminnar við reglugerðina með sambærilegum hætti og gert var þegar reglugerðin var innleidd innan Evrópusambandsins.

### Taka af vafa um gildi rafrænna skjala í gildandi rétti

Í kafla 3.1. í almennum athugasemdum frumvarpsins, þar sem fjallað er um áhrif reglugerðarinnar á gildandi rétt, er vikið að þeirri meginreglu íslensks einkamálaréttarfars að



sönnunarmat dómara sé frjálst og aðilar máls hafi forræði á sönnunarfærslu auk þess sem bent er á 8. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og rafræna þjónustu. Tekið er fram að með hliðsjón af þessu verði að telja að í íslenskum rétti sé að *meginstefnu* unnt að leggja fram rafræn skjöl sem sönnunargögn fyrir íslenskum dómstólum. Hvað varði formskilyrði sé staðan ekki eins skýr.

Taka verður undir þau orð sem fram koma um að æskilegt sé að kveðið verði með skýrum hætti á um það í réttarfarslögum að rafræn skjöl uppfylli áskilnað þeirra hvað formskilyrði varði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Er það áhyggjuefni að ekki sé kveðið skýrar á um það í frumvarpinu hvaða áhrif löggin muni hafa á sviði réttarfars, fullnustu og skuldaskila.

Ekki er nóg að í íslenskum rétti sé að *meginstefnu* unnt að leggja fram rafræn skjöl. Til þess að hægt sé að treysta á rafræn skjöl og þar með rafrænar undirskriftir verður gildi rafrænna skjala í íslenskum rétti að vera ótvírætt. Með tilkomu þessarar nýju löggjafar er vinnunni ekki lokið. Halda þarf áfram að vinna að því að koma á réttarvissu varðandi rafræn skjöl og koma á breytingum á núgildandi lögum til að tekinn verði af allur vafi um gildi rafrænna skjala í íslenskum rétti. Sú vinna yrði fyrirtækjum í landinu til mikilla hagsbóta en með því gæti rafrænn vettvangur í íslensku viðskiptalífi styrkst og rafræn viðskipti aukist.

Virðingafyllst,

Heiðrún Björk Gísladóttir, f.h. Samtaka atvinnulífsins

Jóna Björk Guðnadóttir, f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Björg Ásta Þórðardóttir, f.h. Samtaka iðnaðarins

Gunnar Dofri Ólafsson, f.h. Viðskiptaráðs Íslands